

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 10. júní 2026.

Mál nr. 351/2026:

Félag pípulagningameistara

(Hilmar Gunnarsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu og

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

A

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Aðild. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem máli F á hendur Í og A var vísað frá dómi. Málið höfðaði F til ógildingar á ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um útgáfu meistarabréfs í pípulögnum til handa A. Í hinum kærða úrskurði, sem staðfestur var í Landsrétti með vísan til forsendna, var komist að þeirri niðurstöðu að F hefði borið að beina dómkröfum sínum að sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem tekið hefði umrædda ákvörðun en ákvörðunin hefði ekki sætt endurskoðun á æðra stjórnarsýslustigi. Krefðist Í frávísunar málsins á þessum grunni og yrði að fallast á hana af framangreindum sökum en stjórnvaldsákvörðuninni yrði ekki hnekkt fyrir dómi nema viðeigandi stjórnvald hefði aðild að úrlausn dómsmálsins. Þá var ekki fallist á með F að það hefði lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dómkröfunnar. Var kröfum F því vísað frá dómi.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Kristinn Halldórsson og Ragnheiður Harðardóttir og Eiríkur Elís Þorláksson, settur landsréttardómari, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 28. apríl 2026. Greinargerðir varnaraðila bárust réttinum 18. og 19. maí 2026. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. apríl 2026 í málinu nr. E-[...]/2025 þar sem fallist var á kröfur varnaraðila um frávísun málsins. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að frávísunarkröfum varnaraðila verði hafnað. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

- 3 Varnaraðilar, íslenska ríkið og A, krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, þar á meðal um málskostnað.
- 5 Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðilum, hvorum um sig, kærumálskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Félag pípulagningameistara, greiði varnaraðila, íslenska ríkinu, 200.000 krónur í kærumálskostnað, og varnaraðila, A, 300.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. apríl 2026

1. Mál þetta var höfðað 24. og 27. október 2025 af Félagi pípulagningameistara, [...] í Reykjavík, gegn íslenska ríkinu, [...] í Reykjavík, og A, [...]. Sá þáttur þess sem hér er til úrlausnar, og varðar það hvort vísa skuli málinu frá dómi, var tekinn til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 31. mars sl.
2. Í efnisþætti málsins krefst stefnandi þess að ógilt verði með dómi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, kt. [...], dags. 10. júní 2024, um útgáfu meistarabréfs til handa stefnda A, í pípulögnum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda íslenska ríkisins.
3. Stefndi íslenska ríkið krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.
4. Stefndi A krefst þess að málinu verði vísað frá dómi. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.
5. Stefnandi krefst þess að kröfum um frávísun málsins verði hafnað og að málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar.

Helstu málsatvik

6. Stefndi A er frá [...] og fékk útgefið leyfisbréf í pípulögnum 1. mars 2019. Þá lauk hann meistaraprófi í pípulögnum í [...] 4. október 2023.
7. Af gögnum málsins má ráða að hinn 26. október 2023 sótti stefndi A um meistarabréf í pípulögnum hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Umsókn hans var send til ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofunnar, sem er skrifstofa við Háskóla Íslands sem sinnir akademísku mati á erlendu námi, og umrædd skrifstofa sendi umsóknina til Iðunnar fræðsluseturs til umsagnar. Í kjölfar gagnaöflunar barst skrifstofunni umsögn frá Iðunni, að því er ráða má 4. apríl 2024, þar sem fram kom m.a. að á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram kæmu í gögnum frá stefnda A leggi Iðan fræðslusetur til að umræddur stefndi fái viðurkenningu á menntun sinni. ENIC/NARIC skrifstofan upplýsti stefnda A samdægurs um að niðurstaða skrifstofunnar væri sú að hann uppfyllti skilyrði um menntun til útgáfu meistarabréfs í pípulögnum. Honum bæri að snúa sér til sýslumannsins í því umdæmi þar sem hann byggir til þess að fá gefið út meistarabréf. Mun háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hafa sent erindi til sýslumanns 7. júní 2024 þar sem áréttað var að ráðuneytið staðfesti niðurstöðu í máli stefnda A og mælti eindregið með því að sýslumaður gæfi út meistarabréf honum til handa. Sýslumaður gaf út meistarabréf í pípulögnum til stefnda A 10. júní 2024.
8. Ráða má af gögnum málsins að stefnandi hafi 7. nóvember 2023, á grundvelli ábendingar, sent fyrirspurn til sýslumanns þar sem m.a. var grennslast fyrir um hvers vegna stefndi A hefði fengið gefið út meistarabréf

í pípulögnum án þess að fara í meistaraskóla hér á landi. Í tölvubréfi sýslumanns til stefnanda 2. september 2024 var stefnandi upplýstur um að stefndi A hefði fengið gefið út meistarabréf 10. júní 2024, í kjölfar matferlis hjá ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofunni.

9. Fyrir liggja tölvubréfasamskipti stefnanda og ENIC/NARIC frá september 2024 til mars 2025, þar sem stefnandi vefengir m.a. afgreiðslu í máli stefnda A og ENIC/NARIC vísar til þess að nám hans á meistarastigi í [...] sé sambærilegt námi hér á landi.
10. Hinn 11. september 2024 sendi Iðan fræðslusetur bréf til ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofunnar og tilkynnti um afturköllun jákvæðrar umsagnar sinnar frá 4. apríl 2024 vegna leyfisumsóknar stefnda A. Iðunni hefði yfirsétt að fullnægjandi gögn hefði vantað svo veita hefði mátt umræddum aðila umsögn, m.a. um nám stefnda A í kjölfar grunnnáms, bæði um lengd og inntak þess, svo og að vantað hefði þýðingu prófskírteinis.
11. ENIC/NARIC svaraði umræddu bréfi 25. september 2024 en í svarbréfinu kom m.a. fram að þýðing á upplýsingum um innihald náms stefnda A hefðu komið fram í gögnunum. Til þess að hljóta leyfisbréfið [...] (meistarabréf) í [...] þurfi að hafa lokið sveinsprófi og hafa starfað í greininni í ákveðinn tíma að því loknu. Að auki þurfi að standast bæði bóklegt og verklegt próf sem staðfesti að hæfni sé náð. Leiðin að þessum meistarabréfum sé að fullu sambærileg leiðum að meistarabréfum í nágrannalöndum Íslands, t.d. Danmörku og Noregi. Námslok séu á sama hæfnisþrepi og hér á landi og verði því að teljast sambærileg meistarabréfum frá meistaraskólanum þótt leiðin að lokaniðurstöðunni sé ólík. ENIC/NARIC geti hvorki séð að fagleg rök standi til þess að breyta niðurstöðu Iðunnar í máli stefnda A né heldur afgreiðslu ENIC/NARIC sem byggð sé á þeirri niðurstöðu.
12. Hinn 20. nóvember 2024 kærði stefnandi ákvörðun ENIC/NARIC frá 7. s.m. um mat á „[...]“; þ.e. er [...] meistaraprófi, með hliðsjón af iðnmeistaraprófi í pípulögnum, til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og hafði uppi nánar tilgreindar kröfur. Af kærinni er ljóst að hún laut að máli stefnda A.
13. Hinn 1. desember 2025 vísaði atvinnuvegaráðuneytið kæru stefnanda frá ráðuneytinu. Í úrskurði ráðuneytisins sagði m.a. að löggjafinn hefði sérstaklega mælt fyrir um aðkomu félags iðnaðarmanna, m.a. landssamtaka meistara og sveina, að ákvörðun sýslumanns um staðfestingu réttmætis gagna um starf og starfsþjálfun, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 42/1978 um handiðnað. Með reglugerð nr. 585/2011 hafi ráðherra mælt nánar fyrir um framangreinda álitsumleitun og með 6. gr. hennar hafi ráðherra falið ENIC/NARIC að afla þeirra umsagna sem lögin áskilja, þ.e. umsagna til þess bærna fræðsluaðila á viðkomandi sviði um þau gögn sem umsækjandi leggur fram með umsókninni. Umsögn ENIC/NARIC og álit iðnfélaga sé liður í rannsókn þess máls sem ljúki með ákvörðun sýslumanns um réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun og loks útgáfu meistarabréfs og sé sú ákvörðun kærnanleg til ráðuneytisins. Þótt umsagnir kunni að hafa áhrif á niðurstöðu málsins sé ljóst að þær teljist ekki sem slíkar vera ákvarðanir um rétt eða skyldu manna samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, og því ekki kærnanlegar til ráðuneytisins. Eigi það bæði við um upphaflega afstöðu ENIC/NARIC í máli stefnda A svo og óbreyttar afstöðu skrifstofunnar eftir að Iðan fræðslusetur hafði afturkallað umsögn sína um nám hans.
14. Hinn 4. júní 2025 krafðist stefnandi þess að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu ógilti ákvörðun sína um útgáfu meistarabréfs til handa stefnda A. Af gögnum málsins má ráða að í kjölfarið hafi sýslumaður aflað umsagnar ENIC/NARIC, dags. 1. desember 2025, þar sem fram kom m.a. að skrifstofan teldi ekki fagleg rök standa til þess að breyta álitinu um að stefndi A hefði lokið prófi sem sýndi fram á hæfni á sama hæfnisþrepi og lokapróf úr meistaraskólanum. Með bréfi sýslumanns til stefnanda 15. desember 2025 var kröfu hans hafnað. Í bréfinu er einkum vísað til mats ENIC/NARIC og tiltekið að ekki séu málefnaleg eða forsvaranleg rök fyrir því að sýslumaður líti fram hjá mati skrifstofunnar, sem sé sérfróður matsaðili.

Helstu málsástæður stefnanda í efnisþætti málsins

15. Stefnandi byggir á því að menntun stefnda A á sviði pípulagninga í [...] sé ekki sambærileg þeirri menntun sem krafist sé hér á landi samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1978 um handiðnað. Stefnandi uppfylli ekki skilyrði umræddra laga, laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, reglugerðar nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í

lögiltri iðn hér á landi og reglugerðar nr. 477/2020 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi. Inntak náms stefnda A til útgáfu meistarabréfs í [...] sé verulega frábrugðið námi hér á landi, námstími styttri og ábyrgð iðnmeistara þar í landi minni. Umrædd atriði hafi átt að koma til skoðunar áður en stefndi A fékk útgefið meistarabréf hér á landi, bæði hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofunni.

16. Vísar stefnandi til þess að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafi látið undir höfuð leggjast að gefa stefnanda kost á að segja álit sitt um réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun stefnda A, í andstöðu við 3. mgr. 2. gr. laga nr. 42/1978. Þá hafi sýslumaður jafnframt virt að vettugi samráðsskyldu við stefnanda á grundvelli 8. gr. laganna áður en leyfi til handa umræddum stefnda var gefið út.
17. Þá vísar stefnandi til þess að Iðan fræðslusetur hafi afturkallað lögbundna umsögn sín og að sýslumaður og ENIC/NARIC hafi vanrækt að afla umsagna og það feli í sér brot gegn 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
18. Hvað varðar dómkröfur sínar vísar stefnandi til 3. mgr. 2. gr. laga nr. 42/1978. Þá hafi stefnandi sérstaka hagsmuni af ógildingu ákvörðunar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur stefnanda sé að gæta hagsmuna félagsmanna sem hafi meistararéttindi og löggildingu í pípulögnum. Félagsmenn stefnanda hafi verulega hagsmuni af því að sýslumaður gefi ekki út meistarabréf til handa einstaklingum sem uppfylli ekki skilyrði laga þar um. Þá hafi stefnandi sérstaka hagsmuni af því að lögbundinn umsagnarréttur sé virtur. Varðandi aðild vísar stefnandi og til dóms Hæstaréttar frá 7. júní 1988 í máli nr. 124/1986 sem finna má í dómasafni réttarins á bls. 820 frá árinu 1988, auk 60. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944. Þá varði málið atvinnuvegaráðherra sem hafi ákvörðunarvald um þá hagsmuni sem sakarefnið varði og sé því ekki beint að sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu málsástæður stefnda íslenska ríkisins er varða frávísun málsins

19. Umræddur stefndi vísar til þess að samkvæmt dómaframkvæmd sé almennt ekki unnt að ógilda stjórnvaldsákvörðun með dómi nema því stjórnvaldi sem tók ákvörðun sem um sé deilt sé stefnt til varna í málinu. Sú ákvörðun sýslumanns að gefa út leyfisbréf til stefnda A hafi ekki verið kærð til æðra stjórnvalds. Þar sem sýslumanni sé ekki stefnt til að þola dóm beri að vísa málinu frá dómi. Kröfugerð stefnanda sem og málalíbúnaður að öðru leyti uppfylli ekki þau lágmarksskilyrði um skýrleika sem tilgreind séu í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá taki stefndi undir málsástæður stefnda A til stuðnings frávísunarkröfu af sinni hálfu.

Helstu málsástæður stefnda A er varða frávísun málsins

20. Umræddur stefndi byggir á því að með öllu sé óupplýst hvaða stjórnvaldsákvörðun það er sem krafist sé ógildingar á sem og á hvaða lagagrunni málsókninni sé beint að stefnda. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi lögvarða hagsmuni af því hvort stefndi eigi rétt til að kalla sig meistara eða ekki, en málið varði ekki réttindi félagsmanna stefnanda. Útgáfa meistarabréfa falli alfarið undir stjórnsýsluna en ekki undir vald eða ákvörðun stefnanda. Almennir hagsmunir félaga á borð við stefnanda, sem snúi m.a. að því að reyna að tryggja ákveðnar faglegar gæðakröfur innan stéttarinnar, geti aldrei fært þeim þá einstaklingsbundnu og sérstöku lögvörðu hagsmuni sem ákvæði 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála áskilji. Ekki sé með nokkrum hætti sýnt fram á að stefnandi geti krafist ógildingar á ívilnandi ákvörðun um rétt þriðja aðila.
21. Þá vísar stefndi til þess að málalíbúnaður stefnanda sé í senn óskýr og illa afmarkaður. Krafa stefnanda sé að ógilt verði tiltekin stjórnvaldsákvörðun, en engin gögn liggja til grundvallar þeirri kröfu. Málalíbúnaðar stefnandi uppfylli ekki kröfur d-, e-, f- og g-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Helstu málsástæður stefnanda er varða frávísun málsins

22. Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfum stefndu verði hrundið og að málið sæti efnislegri úrlausn. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfur stefndu vísaði hann m.a. til þess að málinu sé beint gegn íslenska ríkinu og að atvinnuvegaráðherra sé í fyrirsvari fyrir ríkið í samræmi við lög nr. 42/1978 um handiðnað. Samkvæmt nýlegri dómaframkvæmd hafi að réttu lagi átt að stefna sýslumanninum á

höfuðborgarsvæðinu, en það valdi hins vegar ekki frávísun málsins, sbr. úrskurð Landsréttar frá 9. október 2025 í máli nr. 550/2025. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1978. Skráður tilgangur stefnanda sé að stuðla að menntun stéttarinnar og gæta hagsmuna félagsmanna. Félagsmenn hans hafi af því augljósa hagsmuni að meistararéttindi séu ekki gefin út nema viðeigandi skilyrði séu uppfyllt. Þá skuli ekki beita grunnreglunni um lögvarða hagsmuni með ströngum hætti enda kunni með því að vera gengið of nærri hinum stjórnarskrárvarða rétti til aðgangs að dómstólum. Þá hafi gagnaöflun ekki verið lýst lokið og ef annmarkar verði taldir á reifun kröfunnar beri stefnandi hallann af því við efnisúrlausn málsins.

Niðurstaða

23. Stefnandi er félag löggiltra pípulagningameistara og vinnur að hagsmunum þeirra pípulagningameistara sem tilheyra félaginu. Með málsókn sinni leitar stefnandi eftir ógildingu á ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 10. júní 2024 um útgáfu meistarabréfs til handa stefnda A í pípulögnum.
24. Málsókn stefnanda beinist, auk stefnda A, gegn íslenska ríkinu en ekki sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem tók ákvörðun um útgáfu meistarabréfs til handa stefnda A 10. júní 2024. Af lögum nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði leiðir að sýslumenn teljast lægra settir gagnvart ráðherra. Í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur, í tengslum við málshöfðun vegna ákvarðana ríkisstofnana sem teljist lægra sett stjórnvöld gagnvart viðkomandi ráðherra og lúta ekki sérstakri stjórn, verið talið að réttu lagi hafi átt að höfða mál gegn viðkomandi ríkisstofnun samhliða íslenska ríkinu, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025, efnisgrein 49. Hafa dómstólar þó látið átölulaust að stefna einungis íslenska ríkinu krefjist það ekki frávísunar máls frá dómi sökum ágalla á aðild hér um. Af nýlegri dómaframkvæmd má og ráða, varðandi sýslumenn, að kröfum er lúta að ógildingu ákvarðana þeirra hefur verið beint gegn þeim til varnar án aðildar íslenska ríkisins, sbr. t.d. dóm Landsréttar frá 26. mars 2021 í máli nr. 87/2020.
25. Verður af framangreindu ráðið að stefnandi hafi borið að beina dómkröfum sínum að sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem tók umrædda ákvörðun, en hún sætti ekki endurskoðun á æðra stjórnarsýslustigi. Stefndi íslenska ríkið krefst frávísunar málsins á þessum grunni og verður að fallast á frávísunarkröfu þess stefnda af framangreindum sökum, en stjórnvaldsákvörðuninni verður ekki hnekkst fyrir dómi nema viðeigandi stjórnvald hafi aðild að úrlausn dómsmálsins, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. mars 2000 í máli nr. 324/1999. Eins og mál þetta er vaxið þykir þó jafnframt rétt að fjalla um lögvarða hagsmuni stefnanda af úrlausn um dómkröfur sínar, sbr. til samanburðar t.d. fyrrnefndan úrskurð Landsréttar frá 9. október 2025 í máli nr. 550/2025.
26. Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 42/1978 um handiðnað segir m.a. að enginn megi reka handiðnað í atvinnuskyni á Íslandi nema hann hafi til þess fengið leyfi samkvæmt lögnum. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að þrátt fyrir ákvæði laganna hafi ríkisborgarar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að starfa í handiðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í handiðnaði í öðru EES-ríki svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunar-samtaka Evrópu ellegar Færeyingar eða lögaðilar í Færeyjum. Ráðherra geti kveðið nánar á um þennan rétt í reglugerð. Í 3. mgr. ákvæðisins segir svo m.a. að sýslumenn skuli staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hafi verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Ágreining um rétt megi bera undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla. Þá segir í 1. mgr. 8. gr. laganna m.a. að um löggildingu skuli hafa samráð við landssamtök meistara og sveina.
27. Með lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi var m.a. innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Lögin taka til iðnmenntunar sem ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins hafa aflað og mæla fyrir um að viðurkenna skuli starfsréttindi hér á landi, sem aflað er erlendis, með sömu skilmálum og gildi um íslenska ríkisborgara, að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. m.a. 2. gr. laganna.
28. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 26/2010 segir að ráðherra setji nánari fyrirmæli í reglugerð um innleiðingu og framkvæmd tilskipunar 2005/36/EB, þ. á m. um tilhögun mats og málsmeðferð þegar stjórnvald fjallar um

- umsóknir um viðurkenningu til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi. Með stoð í 9. gr. umræddra laga setti ráðherra reglugerð nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi, sem breytt var m.a. með reglugerð nr. 1699/2023. Í reglugerðinni segir í 1. mgr. 2. gr. að hún gildi þegar mat sé lagt á hvort ríkisborgari Evrópska efnahagssvæðisins uppfylli skilyrði um menntun og starfsreynslu til þess að gegna starfi í löggiltri iðn hér á landi. Í 3. mgr. 1. gr. og 4. gr. hennar kemur m.a. fram að einstaklingur þurfi að sækja um viðurkenningu til að gegna starfi hjá ENIC/NARIC skrifstofunni.
29. Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að ENIC/NARIC skrifstofan skuli afla umsagnar til þess bærri fræðsluaðila á viðkomandi sviði um þau gögn sem umsækjandi leggi fram með umsókn, m.a. til þess að ganga úr skugga um að starfið er um ræði sé hið sama og óskað sé eftir að stunda hér á landi. Enn fremur lúti umsögn að því hvort iðnmenntun og starfsreynsla umsækjanda samsvari þeim kröfum sem skilgreindar séu í 17.–19. gr. tilskipunar 2005/36/EB, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar, og geti numið allt að þriggja ára námi í skóla auk þriggja ára starfsreynslu þegar lengd viðkomandi menntunar hér á landi sé fjögur ár.
 30. Í 8. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að þegar umsögn ENIC/NARIC skrifstofu liggi fyrir staðfesti sýslumaður réttmæti framlagðra gagna og gefi út leyfisbréf umsækjanda til handa. Í leyfisbréfi komi a.m.k. fram: viðurkenning samkvæmt 2. gr. iðnaðarlaga [nú laga um handiðnað] á rétti til starfa hér á landi í tilgreindri iðngrein, nafn og kennitala rétthafa, útgáfustaður, útgáfudagur og undirskrift.
 31. Fyrir liggur að umsagnar ENIC/NARIC skrifstofunnar var aflað vegna náms og starfsreynslu stefnda A áður en sýslumaður gaf út meistarabréf honum til handa, 10. júní 2024. Við meðferð málsins hjá skrifstofunni var aflað umsagnar fræðsluaðila, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, þ.e. frá Iðunni fræðslusetri, en óumdeilt er að stefnandi er aðildarfélag fræðslusetursins.
 32. Ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 42/1978 mælir fyrir um að viðkomandi félagi iðnaðarmanna skuli gefinn kostur á að segja álit sitt áður en sýslumaður staðfesti réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun, en í fyrirliggjandi samhengi má telja stefnanda sem félag löggiltra pípulagningameistara vera viðeigandi álitsgjafa vegna máls stefnda A. Af gögnum málsins má ráða að stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að veita álit sitt á réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun stefnda A, áður en hann fékk útgefið meistarabréf í pípulögnum, en álits hafði verið aflað frá Iðunni fræðslusetri á grundvelli reglugerðar nr. 585/2011.
 33. Þótt álits stefnanda hafi ekki verið aflað við meðferð málsins hjá sýslumanni leiðir ekki af ákvæðum laga nr. 42/1978 að stefnandi hafi eftirlitshlutverk samkvæmt þeim og öðlist á grundvelli ákvæða þeirra þá stöðu að hann geti krafist ógildingar meistarabréfs til handa stefnda A fyrir dómi. Stefnanda er aðeins falið tiltekið hlutverk álitsgjafa samkvæmt lögnum í aðdraganda stjórnvaldsákvörðunar, sbr. m.a. 3. mgr. 2. gr. og jafnframt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1978, en hann hefur hvorki úrlausnarvald né veitir bindandi álit um starf og starfsþjálfun. Þá áttu hvorki stefnandi né félagsmenn hans aðild að stjórnarsýslumáli stefnda A.
 34. Þó að í lokamálsl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 42/1978 sé mælt fyrir um að bera megi ágreining um rétt undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla felst ekki í ákvæðinu lögmæltur réttur stefnanda til þess að hafa uppi kröfur af þeim toga sem hér um ræðir fyrir dómi. Verður ákvæðið skilið sem áréttning þess réttar sem leiðir af 60. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, m.a. um rétt aðila til þess að fá úrlausn um *réttindi sín og skyldur* fyrir dómi, séu þau fyrir hendi. Í fyrirliggjandi samhengi verður að gera strangar kröfur til skýrleika lagaákvæða ef mæla á fyrir um heimildir hagsmunasamtaka til þess að krefjast ógildingar atvinnuréttinda til handa einstaklingum fyrir dómi, með hliðsjón af 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.
 35. Fyrirnefndur dómur Hæstaréttar í máli nr. 124/1986, sem stefnandi vísar sérstaklega til, á í þessu samhengi ekki við sem fordæmi fyrir sakarefnið. Í því máli var Tæknifræðingafélagi Íslands, sem hafði uppi sams konar kröfur fyrir dómi og stefnandi máls þessa, m.a. falið samkvæmt þágildandi löggjöf ákvörðunarvald um hvaða skólar teldust fullgildir í tæknifræði svo öðlast mætti rétt til að kalla sig tæknifræðinga í kjölfar fullnaðarprófs frá þeim. Atvik málsins og lagaumgjörð er því ósambærileg þeirri sem hér um ræðir.
 36. Verður samkvæmt framansögðu ekki fallist á með stefnanda að hann hafi á grundvelli laga nr. 42/1978 slíkt lögbundið hlutverk og hagsmuni að hann geti krafist ógildingar atvinnuréttinda stefnda A fyrir dómi.
 37. Þá verður ekki fallist á með stefnanda að hagsmunir félagsmanna hans af því að ekki séu gefin út meistarabréf til handa einstaklingum, sem að þeirra mati uppfylli ekki skilyrði laga þar um, séu þess eðlis að dómkröfur stefnanda skuli hljóta efnislega meðferð. Svo hafa megi uppi kröfur fyrir dómi verður

stefnandi málsins að fullnægja skilyrðum um lögvarða hagsmuni, en þeir hagsmunir sem vísað er til, og leiða má af hagsmunum félagsmanna stefnanda, eru of almennir og fjarlægir til þess að teljast lögvarðir í skilningi einkamálaréttarfars. Þá verður og raunar ráðið af málalíbúnaði stefnanda að sjónum hans er einkum beint að fordæmisgildi sem felist í veitingu atvinnuréttinda til handa stefnda A, fremur en að hagsmunum félagsmanna hans sé raskað svo nokkru nemi vegna þeirrar ákvörðunar sem dómkröfur hans beinast að.

38. Eins og að framan er rakið ber að vísa frá dómi kröfum stefnanda á hendur stefnda íslenska ríkinu. Er því enginn til varnar í málinu sem ábyrgð ber á hinni umdeildu ákvörðun er stefnandi krefst ógildingar á, en ekki er unnt að ógilda ákvörðun af þeim toga sem hér um ræðir nema stjórnvaldi sem ákvörðunina tók sé stefnt til varnar. Þá hefur stefnandi ekki þá lögvörðu hagsmuni af úrlausn um dómkröfu sína sem áskilið er svo bera megi mál undir dóm, sbr. m.a. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður því af framangreindum ástæðum að vísa kröfum stefnanda frá dómi.
39. Í ljósi þessarar niðurstöðu og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 132. gr. sömu laga, ber stefnanda að greiða stefndu, hvorum um sig, málskostnað. Þykir hann hæfilega ákvarðaður svo sem í úrskurðarorði greinir, en við ákvörðun málskostnaðar til handa stefnda A er tekið tillit til virðisaukaskatts.
40. Sindri M. Stephensen héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Félag pípulagningameistara, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 500.000 krónur í málskostnað, og stefnda, A, 620.000 krónur í málskostnað.